

**3214. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
15. júní 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Kristjana H. Ólafsdóttir varamaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Rakel Óskarsdóttir varaformaður stýrði fundi í forföllum formanns.

**Fyrir tekið:**

**1701018 - Fundargerðir 2017 - stjórn fjallskilaumdæmis**

1. Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

2. fundargerð fjallskilaneftndar frá 13. júní 2017.

*Fundargerðin lögð fram.*

**2. 1702057 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017**

289. mál til umsagnar - frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgarárétt).

*Frumvarpið lagt fram.*

**3. 1705108 - Styrkir til íþrótt- og tómstundafélaga 2017**

Erindi skóla- og frístundaráðs þar sem óskað er eftir staðfestingu bæjarráðs á úthlutun styrkja til íþrótt- og tómstundafélaga á Akranesi vegna barna- og unglingastarfs, samtals að fjárhæð 10,9 mkr.

*Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum lið.*

*Bæjarráð samþykkir tillögu ráðsins. Úthlutun fyrir árið 2017 til íþrótt- og tómstundafélaga er eftirfarandi:*

Badmintonfélag Akraness kr. 450.289  
Björgunarfélag Akraness kr. 242.469  
Fimleikafélag Akraness kr. 2.223.375  
Golfklúbburinn Leynir kr. 497.020  
Hestamannafélagið Dreyri kr. 378.223  
Hnefaleikafélag Akraness kr. 313.596  
Karatefélug Akraness kr. 265.887  
Keilufélag Akraness kr. 241.701  
Knattspyrnufélag ÍA kr. 3.168.197  
Körfuknattleiksfélag Akraness kr. 538.107  
Skátafélag Akraness kr. 257.469  
Sundfélag Akraness kr. 1.1.464.420  
Vélhjólaíþróttafélag Akraness kr. 309.291  
Knattspyrnufélagið Kári kr. 222.894  
Klifurfélagið kr. 326.725



**4. 1704138 - Langtímoveikindi starfsmanna 2017 - ráðstöfun fjármuna  
(veikindapottur)**

Umsóknir stofnana Akraneskaupstaðar í veikindapott vegna tímabilsins janúar til og með apríl.

*Bæjarráð samþykkir að úthluta samtals kr. 4.970.000 úr veikindapotti Akraneskaupstaðar vegna tímabilsins janúar til og með apríl 2017.*

*Um er að ræða þriðjung af heildarfjárhæð umsókna en endaleg úthlutun vegna tímabilsins verður tekin síðar á árinu er frekari upplýsingar liggja fyrir heildarútgjöld stofnana vegna þessa á árinu.*

**5. 1705081 - Írskir dagar 2017 - stöðugjald vegna söluvagna**

Reglur fyrir stöðuleyfi sölувagna á Írskum dögum.

*Bæjarráð samþykkir reglur fyrir stöðuleyfi vegna söluvagna á írskum dögum en gjaldið er kr. 25.000 fyrir hvern söluvagn.*

**6. 1706055 - Golfskáli Grímsholti / Garðavöllur 1 - rekstrarleyfi**

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn Akraneskaupstaðar vegna beiðni Golfklúbbsins Leynis um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingastofa og greiðasalan, sem rekinn er sem Golfskáli Golfklúbburinn Leynir.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina með fyrirvara um jákvæðar umsagnir byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.*

**7. 1611083 - Bandalag íslenskra skáta - styrkbeiðni v. 15th World Scout Moot**

Óskað er eftir staðfestingu bæjarráðs á samstarfssamningi Akraneskaupstaðar og Skátamóts ehf. vegna heimsmóts Skáta á Akranesi 25.-29. júlí næstkomandi.

*Bæjarráð samþykkir samstarfssamninginn og útgjöld vegna viðburðarins, samtals að fjárhæð kr. 1,5 mkr., verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.*

**8. 1706050 - Spölur - arðgreiðsla 2017**

Tilkynning frá Speli hf. um arðgreiðslu hluthafa.

*Tilkynningin lögð fram.*

**9. 1706033 - Rekstur héraðsskjålásafna**

Menningar- og safnanefnd samþykkti umsögn Héraðsskjálavarðar um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjålásafna á fundi sínum þann 13. júní síðastliðinn og lagði til að að ný reglugerð verði unnin í samráði við héraðsskjálaverði og Samband íslenskra sveitarfélaga.

*Umsögnin lögð fram.*

*Bæjarráð telur mikilvægt að fylgst verði náið með framvindu málsins og kostnaður sveitarfélagsins greindur nánar verði reglugerðin sett í lok ársins eins og stefnt er að.*



## 10. 1705174 - Árbók Akurnesinga

Erindi mth ehf. um áframhaldandi auglýsingastyrk Akraneskaupstaðar vegna útgáfu Árbókar Akurnesinga.

*Bæjarráð samþykkir kaup á auglýsingum í næsta bindi Árbókar Akurnesinga sem gefið verður út síðsumars 2017 og samþykkir að veita til verkefnisins samtals kr. 300.000.*

*Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.*

## 11. 1706057 - OR - lán hjá Norræna fjárfestingabankanum (NIB)

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á 245. stjórnarfundí sínum þann 15. maí síðastliðinn lántöku hjá Norræna fjárfestingabankanum (NIB) að fjárhæð USD 44 milljónum (c.a 4,7 milljarðar, USD/ISK 106,2). Lántakan er í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun og háð samþykki og ábyrgð eigenda OR á 80% af lántökunni.

Fyrirhuguð lántaka háð ábyrgð eigenda á 80% fjárhæðar lánsins. Samkvæmt 3. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur eru fjárhagslegar skuldbindingar sem njóta skulu ábyrgðar eigenda háðar samþykki þeirra og þess farið á leit við eigendur að þeir samþykki að gangast í ábyrgð fyrir framangreindu láni.

*Bæjarráð samþykkir lántökuna og ábyrgð Akraneskaupstaðar á henni í samræmi við 3. gr. laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:45.

Rannsóknarslottrí<sup>i</sup>  
Vilborg P. Guðbjártssd.  
Linnhauð H. Þorl.  
Jónas Ó. Ólafsson  
Ingi Ólafsson Valdimarsd.  
Ragnar Adalbjörn